

Gjaldskrá skv. 1. mgr. þessarar greinar skuldbindur eigi höfunda umfram það sem kveðið er á í höfundalögum til að leyfa flutning verka sinna gegn því gjaldi, sem gjaldskráin ákveður, heldur þarf til flutnings samþykki höfundar hverju sinni eða stéttarfélags hans, hafi höfundur veitt því slíkt umboð.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í höfundalögum nr. 73/1972 og kemur í stað reglugerðar nr. 19 frá 1. febrúar 1949 og breytingar á þeirri reglugerð nr. 51 frá 10. apríl 1959.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUR

um gerðardóm skv. 58. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

1. gr.

Gerðardómur skipaður skv. 58. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sker úr ágreiningi um þóknun til höfunda í þeim tilvikum, þegar lögin heimila afnot verks að því tilskildu, að höfundi sé greidd þóknun, enda séu aðilar sammála um að leggja ágreiningsefnið undir úrskurð dómsins.

Dómurinn úrskurðar einstök ágreiningsatriði milli höfunda og greiðenda, svo og kjaratriði í heildarsamningum milli stéttarfélags höfunda og greiðenda, sem ágreiningur er um, sbr. 58. gr. 1. og 3. mgr. höfundalaga. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrlausn ágreinings og bindur aðila sem samningur þeirra í milli.

2. gr.

Gerðardómur tekur deilu til meðferðar, er honum hafa borist greinargerðir aðila um ágreiningsefni.

Í greinargerðum, sem vera skulu skriflegar, skulu koma fram kröfur aðila. Þar skal koma fram, um hvað aðilar eru sammála og hver ágreiningsefni eru. Um þau skal í greinargerðunum vera ítarleg reifun atvika og rökstuðningur krafna. Gerðardómnum er heimilt að afla frekari gagna, en jafnan skal gefa aðilum kost á að tjá sig á ný um málið, áður en það er tekið til úrskurðar.

3. gr.

Þóknun til gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði svo og annar kostnaður við störf dómsins skv. reikningi, sem menntamálaráðherra úrskurðar. Þegar dómurinn úrskurðar einstök ágreiningsatriði milli höfundar og greiðanda, getur hann kveðið á um málskostnað.

4. gr.

Reglur þessar eru settar, að höfðu samráði við höfundaréttarnefnd, skv. heimild í 2. mgr. 58. gr. höfundalaga nr. 73/1972 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.